



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 25.11.2020
Tilvísun 2011047/14.4

**Umsagnarbeiðni; þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð
Reykjavíkurflugvalla, 39. mál.**

Bæjarráð Fjarðabyggðar tekur undir framkomna þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna framtíðar Reykjavíkurflugvallar. Bæjarráð telur að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs eigi að vera áfram í Vatnsmýri í Reykjavík þar til jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar. Núverandi flugvöllur gegnir ríku öryggishlutverki og óskertir möguleikar hans skipta sköpum hvað varðar bráðaflutninga með sjúkraflugi, heilbrigðisþjónustu og almannaöryggi, en Reykjavíkurflugvöllur er jafnframt einn af varaflugvöllum Keflavíkurflugvallar. Að auki gegnir Reykjavíkurflugvöllur lykilhlutverki í tengingu landsbyggðanna við opinbera grunnþjónustu og opinberar stofnanir, þ.m.t. menningarstofnanir, sem flestar eru staðsettar í Reykjavík. Við skoðun á framtíðarstaðsetningu innanlandsflugvallar verður að taka tillit til framangreindra þátta og tryggja öruggt aðgengi landsbyggðanna að höfuðborginni.


Gunnar Jónsson